

**Ed.**

**482. Nefndarálit**

**[196. mál]**

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirtöldum

**BREYTINGUM:**

1. Við 15. gr. Við 1. mgr. bætist: nema meðlagsgreiðandi, sem greiðir meira en lágmarksmeðlag, óski eftir, þá er heimilt að draga helming fjölskyldubótanna frá meðlagsgreiðslunni, þó aldrei svo, að meðlagið verði lægra en lágmarksmeðlag.
  2. Við 17. gr.
    - a. Orðin „tvö eða fleiri“ í fyrri málsg. falli niður.
    - b. Síðari málsg. orðist svo:  
Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni .....	kr. 1680.00
Með tveimur börnum .....	— 9120.00
Með þremur börnum eða fleiri .....	— 18240.00
  3. Við 21. gr. 1. málsg. orðist svo:  
Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.
  4. Við 54. gr. Við greinina bætist:  
Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.
9. þm. Reykv. (AGI) og 1. þm. Norðurl. e. (KK) áskilja sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, eða flytja brtt.

Alþingi, 28. marz 1963.

Jón Þorsteinsson,      Kjartan J. Jóhannsson,      Auður Auðuns.  
form.                              fundaskr., frsm.  
Karl Kristjánsson.      Alfreð Gíslason.